



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11. Nóv. 1972

Frankvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Reykjavík, 20. sept 2008

3. stjórnarfundur BLÍ, mánudaginn 17. september kl. 17.15

Dagskrá

- Mótamál (deildir, bikarkeppni)
- Yngriflokkamál
- Formannafundur – reglugerðir – grunnur að handbók heimaliðs
- NEVZA G.A. í Madrid
- Önnur mál
- Víkingur Ólafsvík 80 ára 12. Október

Mæting: Jason Ívarsson, formaður. Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir, Harald Ísaksen og Davíð Búi Halldórsson, Hreggviður Norðdahl og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir mættu ekki. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundinn.

Fundargerð Mótamál

Fjallað var um bréf frá Blakdeild Fylkis þar sem farið var fram á það að þeir leikmenn sem léku með Fylki í 2. Deild á síðasta keppnistímabili megi leika í 2. Deild á þessu tímabili. Ástæðurnar eru sameining blakdeilda ÍS og Fylkis og ekki er nægur mannskapur fyrir hendi að halda úti liðum í 1. Og 2. Deild miðað við gildandi reglugerð.

Ákveðið var að veita Fylki undanþágu frá gildandi reglugerð og sú undanþága nái einnig til annarra liða. Gefin verða út leikmannaleyfi fyrir leikmenn í 2. Deild.

Í 1. Deild kvenna verða fjögur lið: Þróttur Nes, HK, Þróttur R og Fylkir

Í 1. Deild karla verða fimm lið: Stjarnan, KA, Þróttur R., HK og Fylkir. Í liði Fylkis verða fyrrum leikmenn ÍS og mun liðið spila sína heimaleiki í Fylkishöll.

Frumdrög að 1. Deildinni voru send félögunum 10. September sl. Útgáfudagsetning leikjaplans verður 19. September.

Bikarkeppnin

Drög að reglugerð fyrir bikarkeppni BLÍ hefur verið send stjórn BLÍ. Reglugerðin er keimlík þeirri sem var í gildi á síðasta ári en nú verður dregið í riðla að hluta.

Mótsstaðir og dagsetningar voru ákveðnar: Undankeppni 1 fer fram í Ólafsvík 10.-11. október og undankeppni 2 fer fram á Akureyri 13.-14. Febrúar.

Úrslitahelgin í bikarnum fer fram í Laugardalshöll dagana 14. og 15. Mars.



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐinni, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11. Nóv. 1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

BLÍ sér um aðaldómara á leikjum í bikarmótum og báða dómara í undanúrslitum og úrslitum. Bréf verður sent á félögin og skráning auglýst á heimasíðunni innan skamms, þátttökugjald verður ákveðið síðar.

Yngriflokkamál

Fundargerð YFN BLÍ lesin upp og rædd. Formaður mun svara fyrirspurn frá nefndarmönnum er varðar fjármál.

Hæfileikabúðirnar:

Stefán velti því fyrir sér hvers vegna ætti að safna svo mörgum krökkum í búðirnar. Beina ætti því til YFN BLÍ að fækka krökkunum niður í 80 (40 stráka og 40 stelpur). Grunnhugsunin ætti að vera sú að ná inn hæfileikaríkustu krökkunum úr félögunum saman, eftor val þjálfara þeirra, úr félögunum saman.

Formannafundur BLÍ

Forsvarsmenn 1. Deildar félaganna verða boðaðir á fund laugardaginn 27. September 2008 kl. 14.00. Efni fundarins verður m.a. handbók heimaliðs og kynningar á auknum kröfum af hálfu BLÍ til félaganna. Stefán Jóhannesson tekur að sér þennan fund í fjarveru Jasonar.

Önnur mál

Síðustu helgina í september mun formaður sækja ársþing CEV. Einnig verða haldnir aðalfundir NEVZA og smáþjóðanna.

Bréf barst frá UMSB þar sem óskað var eftir aðila frá BLÍ til þess að kynna byrjendum blak í íþróttaskóla. Erindi fékk jákvæð biðbrögð og framkv.stj. settur í að finna leiðbeinanda.

U19 mótið á Akureyri. Stjórn BLÍ mun senda þeim fjölmörgu aðilum sem komu að mótshaldinu svo og helstu styrktaraðilum mótsins þakkarbréf.

Samþykkt var að greiða þeim íslensku dómurum sem dæmdu á mótinu kr. 5000 á leik.

Næsti fundur er eftir um það bil mánuð

Fundi slitið kl. 18.45

Sævar Már Guðmundsson, fundarritari.